

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 26. júlí 1971

**um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit**

(71/316/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í öllum aðildarríkjunum eru tæknilegir eiginleikar mælitækja og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit með þeim háð lögboðnum ákvæðum. Þessi ákvæði eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Þessi mismunur hindrar þar af leiðandi viðskipti og getur leitt til mismunandi samkeppnis-skilyrða innan bandalagsins.

Eitt af markmiðunum með eftirliti í einstökum aðildarríkjum er að tryggja að neytendur fái rétt magn miðað við það verð sem þeir greiða. Markmið þessarar tilskipunar er því ekki að leggja þetta eftirlit af, heldur að eyða mun á reglum sem um þetta gilda að svo miklu leyti sem þessar reglur hindra viðskipti.

Hindrunum á stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar má fækka og ryðja síðar alveg úr vegi ef sömu kröfur gilda í aðildarríkjunum, sem fyrst í stað bætast við innlend ákvæði en koma síðar, þegar aðstæður hafa skapast til þess, í stað þeirra.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 45, 10. 5. 1971, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 36, 19. 4. 1971, bls. 8.

Kröfur bandalagsins munu gera fyrirtækjum kleift, jafnvel meðan innlend ákvæði gilda, að framleiða vörur sem eru samræmdar að því er tekur til tæknilegra eiginleika og sem verður því hægt að setja á markað og nota í öllum ríkjum bandalagsins eftir að þær hafa sætt eftirliti EBE.

Kröfur bandalagsins um hönnun og nothæfi eiga að tryggja að mælitæki mæli ætíð af nægilegri nákvæmni miðað við fyrirhugaða notkun þeirra.

Aðildarríkin staðfesta með mynsturviðurkenningu og sannprófun hvort mælitæki uppfylla tæknilegar kröfur að jafnaði áður en þau eru sett á markað eða tekin í notkun í fyrsta sinn og, eftir því sem við á, á meðan þau eru í notkun. Til að unnt verði að koma á frjálsum flutningum mælitækja í bandalaginu er nauðsynlegt að mælt verði fyrir um gagnkvæma viðurkenningu á eftirliti milli aðildarríkjanna og að komið verði á fót EBE-mynsturviðurkenningu og frumsannprófun í þessu skyni, svo og eftirliti EBE með mælitækjum í samræmi við þessa tilskipun og viðkomandi sértilskipanir.

Tákn eða merki á mælitæki eða framleiðsluvöru sem sýnir að tækið eða varan hafi sætt viðeigandi eftirliti gefur til kynna að slíkt tæki eða vara uppfylli þær tæknilegu kröfur sem gerðar eru innan bandalagsins og því sé óþarft að endurtaka eftirlitið þegar tækið eða varan er flutt inn eða tekin í notkun.

Mælifræðilegar reglur aðildarríkjanna ná til fjölda flokka mælitækja og -vara. Í þessari tilskipun ber að mæla fyrir um almenn ákvæði, einkum og sér í lagi um EBE-mynsturviðurkenningu og frumsannprófun, sem og aðferðir EBE við eftirlit með mælitækjum. Í sértilskipunum verður

mælt fyrir um tæknilegar kröfur fyrir hina ýmsu flokka tækja og vara, hönnun þeirra, nothæfi og nákvæmni, aðferðir við eftirlit og, eftir atvikum, þær aðstæður sem þurfa að vera fyrir hendi til að tæknilegar kröfur bandalagsins geti komið í stað gildandi ákvæða landslaga.

## II. KAFLI

## EBE-mynsturviðurkenning

## 2. gr.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

## Grundvallarreglur

## 1. gr.

1. Engu aðildarríki er heimilt að hafna, banna eða takmarka notkun eða markaðssetningu mælitækja (hér eftir einnig kölluð „tæki“) eða aukabúnaðar sem þeim fylgir ef á tækjunum eða búnaðinum er merki um EBE-mynsturviðurkenningu og merki um EBE-frumsannprófun eins og kveðið er á um í 10. og 11. gr.

2. Aðildarríkin skulu leggja að jöfnu EBE-mynsturviðurkenningu og frumsannprófun og hliðstæðar ráðstafanir í eigin landi.

3. Aðildarríkin geta einungis krafist EBE-mynsturviðurkenningar og EBE-frumsannprófunar fyrir flokk mælitækja ef mælt er fyrir um hliðstætt eftirlit með sama flokki mælitækja í landinu sjálfu og það eftirlit er miðað við kröfur sem hafa ekki verið samhæfðar innan bandalagsins.

4. Mælieiginleikar og tæknilegar kröfur varðandi hönnun og nothæfi einstakra flokka mælitækja verða tilgreindar í sértilskipunum.

Í þeim kann einnig að vera tilgreint:

- hvort EBE-mynsturviðurkenningar og EBE-frumsannprófunar sé krafist fyrir viðkomandi tækjaflokk í öllum aðildarríkjum eða einungis annað af þessu tvennu;
- hvenær innlend ákvæði sem eru í samræmi við viðkomandi sértilskipun eiga að koma algerlega í stað þeirra innlendu ákvæða sem fram að því hafa gilt um ný tæki í sama flokki.

1. Með EBE-mynsturviðurkenningu er gefið leyfi til að tæki sem viðurkenningu hafa hlotið fari í EBE-frumsannprófun og, ef ekki er krafist frumsannprófunar, leyfi til að setja þau á markað og taka í notkun. Ef sértilskipun undanskilur ákveðinn flokk tækja frá þörf á EBE-mynsturviðurkenningu skal sá tækjaflokkur tekinn beint til EBE-frumsannprófunar.

2. Aðildarríkin skulu, að svo miklu leyti sem eftirlitsbúnaður þeirra ræður við, veita EBE-mynsturviðurkenningu sérhverri gerð tækis og sérhverri gerð aukabúnaðar svo fremi hvorutveggja standist þær kröfur um mælieiginleika og tæknilegar kröfur um hönnun og nothæfi sem mælt er fyrir um í sértilskipuninni um viðkomandi tækjaflokk.

3. Einungis er heimilt að sækja um EBE-mynsturviðurkenningu fyrir tiltekna gerð tækja í einu aðildarríki.

4. Aðildarríki sem veitt hefur EBE-mynsturviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að því verði tilkynnt um allar breytingar á eða viðbætur við gerð tækis sem fengið hefur viðurkenningu. Því er skylt að tilkynna hinum aðildarríkjunum um slíkar breytingar.

Breytingar á eða viðbætur við mynstur tækis sem fengið hefur viðurkenningu aðildarríkis verða að fá viðurkenningu sérstaklega, ef breytingarnar eða viðbæturnar hafa eða gætu haft áhrif á niðurstöðu mælinga eða þær aðstæður sem gert var ráð fyrir að tækið yrði notað við.

5. Aðildarríkin skulu veita EBE-mynsturviðurkenningu í samræmi við ákvæði þessa kafla, 1. og 2. liðar í I. viðauka og viðkomandi sértilskipana.

## 3. gr.

Þegar veitt er EBE-mynsturviðurkenning fyrir aukabúnað mælitækja skal tilgreina í viðurkenningunni:

- gerð mælitækjanna sem tengja má við aukabúnaðinn eða sem hann getur orðið hluti af;

— almenn skilyrði fyrir heildarnothæfi mælitækjanna sem aukabúnaðurinn er fyrir.

4. gr.

1. Ef niðurstöður prófunarinnar sem lýst er í 2. lið í I. viðauka teljast fullnægjandi skal aðildarríkið sem sá um framkvæmd prófunarinnar gefa út vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu og senda það til umsækjandans. Í tilvikum sem kveðið er á um í 11. gr. eða sértílskipun er umsækjanda skylt að festa merki um viðurkenningu sem fram kemur á vottorðinu á öll tæki og allan aukabúnað sem er í samræmi við mynsturviðurkenninguna. Í öllum öðrum tilvikum hefur hann rétt til að festa slíkt merki á vöru sína.

2. Ákvæði um vottorð, merki um viðurkenningu, geymslu á sýnishorni af tæki sem tryggingu og yfirlýsingu um EBE-mynsturviðurkenningu er að finna í 3., 4. og 6. lið í I. viðauka.

5. gr.

1. EBE-mynsturviðurkenning gildir í tíu ár. Framlengja má viðurkenninguna um önnur tíu ár hverju sinni; fjöldi tækjanna sem framleiða má í samræmi við viðurkenninguna er ótakmarkaður.

Þegar EBE-mynsturviðurkenning er ekki framlengd skal samt líta svo á að tæki sem þegar eru í notkun og eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar séu viðurkennd.

2. Ef ekki er unnt að veita venjulega viðurkenningu, eða framlengja viðurkenningu fyrir ákveðin tæki, er þó hægt að veita takmarkaða viðurkenningu eða framlengingu þegar öðrum aðildarríkjum hefur verið tilkynnt um slíkt og, eftir atvikum, samráð haft við þau. Ef um er að ræða tilvik sem kveðið er á um í þriðja undirlið hér á eftir, er skylt að hafa samráð við önnur aðildarríki áður en ákvörðun er tekin ef tækið er sett upp í öðru ríki en því sem gefur út EBE-mynsturviðurkenningarvottorðið. Takmarka má EBE-mynsturviðurkenningu á eftirfarandi hátt:

- viðurkenningin er látin gilda í styttri tíma en tíu ár;
- takmarkaður fjöldi tækja er viðurkenndur;
- kvöð er lögð á um að lögbærum yfirvöldum sé tilkynnt um hvar setja á tæki upp;
- notkun á tæki er takmörkuð.

3. Ef beitt er nýrri tækni sem ekki er kveðið á um í sértílskipun má veita takmarkaða EBE-mynsturviðurkenningu að höfðu samráði við önnur aðildarríki. Þessi takmarkaða mynsturviðurkenning er þó háð þeim hömlum sem getið er um í 2. mgr., svo og sérstökum skilyrðum sem tengd eru þeirri tækni sem notuð er.

Slíka takmarkaða viðurkenningu er einungis hægt að veita:

- ef sértílskipun um viðkomandi flokk tækja hefur tekið gildi;
- ef ekki er farið yfir heimiluð hámarksfrávik sem tilgreind eru í sértílskipuninni.

Slík takmörkuð viðurkenning má ekki gilda lengur en í tvö ár. Hana má síðan framlengja um þrjú ár til viðbótar.

4. Telji aðildarríki, sem veitt hefur takmarkaða EBE-mynsturviðurkenningu, eins og um getur í 3. mgr., að ljóst sé að ný tækni sé fullnægjandi skal það sækja um að viðkomandi tilskipun verði breytt í samræmi við tækniframfarir, samkvæmt ákvæðum 18. og 19. gr.

6. gr.

Ef ekki er krafist EBE-mynsturviðurkenningar fyrir flokk mælitækja sem fullnægir kröfum sértílskipunar hefur framleiðandi heimild til að festa merkið sem lýst er í lið 3.3 í I. viðauka á tæki í þessum flokki á sína eigin ábyrgð.

7. gr.

1. Aðildarríki sem veitt hefur EBE-mynsturviðurkenningu getur dregið hana til baka:

- a) ef tæki sem hana hafa hlotið samræmast ekki viðurkennda mynstrinu eða kröfum sem fram koma í ákvæðum viðkomandi sértílskipunar;
- b) ef mælifræðilegum kröfum sem tilgreindar eru í vottorði fyrir mynsturviðurkenningu, eða kröfum sem fram koma í 2. og 3. mgr. 5. gr., er ekki fullnægt.

2. Ef í ljós koma gallar almenns eðlis við notkun á tækjum sem smíðuð eru í samræmi við viðurkennt mynstur og tækin eru af þeim ástæðum óhentug til tilætlaðra nota er aðildarríkinu sem veitti EBE-mynsturviðurkenningu skylt að draga hana til baka.

3. Ef umrætt aðildarríki fær tilkynningu frá öðru aðildarríki um tilvik sem fellur undir 1. og 2. mgr. skal fyrrnefnda aðildarríkið gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þeirri málsgrein, að höfðu samráði við hitt ríkið.

4. Aðildarríki sem tilkynnir um tilvik sem fellur undir 2. mgr. getur bannað að viðkomandi tæki séu sett á markað og notuð þar til annað er ákveðið. Aðildarríkið skal tilkynna þetta öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni án tafar og tilgreina ástæður fyrir þessari ákvörðun. Sami háttur skal hafður á í tilvikum sem falla undir 1. mgr, að því er varðar tæki sem hafa verið undanþeginn EBE-frumsannprófun, ef framleiðandi, þrátt fyrir viðvaranir, lagar ekki tækin að mynstri sem viðurkenningu hefur hlotið eða að kröfum viðkomandi sértilskipunar.

5. Véfengi aðildarríkið sem veitti viðurkenninguna að tilvik sem því hefur verið tilkynnt um að falli undir 2. mgr. geri það eða véfengi að ráðstafanir sem gerðar hafa verið samkvæmt 4. mgr. hafi átt rétt á sér skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að leysa deiluna.

Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um gang mála og skal hún, ef þörf krefur, halda samráðsfundi eftir því sem við á til lausnar deilunni.

### III. KAFLI

#### Frum sannprófun

##### 8. gr.

1. Með EBE-frumsannprófun er átt við prófun á nýju tæki, eða tæki sem gert hefur verið upp, til að ganga úr skugga um að það sé í samræmi við viðurkennt mynstur og/eða að það standist þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi sértilskipun; frumsannprófunin er vottuð með EBE-frumsannprófunarmerki.

2. Hafi aðildarríkin yfir nauðsynlegum búnaði að ráða skulu þau framkvæma EBE-frumsannprófun á tækjum sem framleiðandi leggur fram á þeirri forsendu að þau hafi þá mælifræðilegu eiginleika sem krafist er í sértilskipun fyrir þennan flokk tækja og standist tæknilegar kröfur um smíði og nothæfi sem þar er mælt fyrir um.

3. Skyldur aðildarríkjanna sem kveðið er á um í 1. mgr., 1. gr., þegar um er að ræða tæki með EBE-frumsannprófunarmerki, skulu gilda út næsta ár eftir árið

sem EBE-frumsannprófunarmerkið var sett á viðkomandi tæki, nema lengri frestur sé tilgreindur í sértilskipun.

##### 9. gr.

Þegar tæki er lagt fram til EBE-frumsannprófunar skal aðildarríkið sem framkvæmir hana ganga úr skugga um:

- a) hvort tækið tilheyri flokki sem er undanþeginn EBE-mynsturviðurkenningu og, ef svo er, hvort það standist tæknilegar kröfur um smíði og nothæfi sem fram koma í sértilskipun um þann flokk;
- b) hvort tækið hafi hlotið EBE-mynsturviðurkenningu og, ef svo er, hvort það sé í samræmi við þá gerð sem hlaut viðurkenninguna.

Skoðunin sem framkvæmd er við EBE-frumsannprófun skal, í samræmi við viðkomandi sértilskipun, einkum beinast að:

- mælifræðilegum eiginleikum;
- heimiluðum hámarksfrávikum;
- smíði tækisins til að ganga úr skugga um að hún tryggi að mælifræðilegir eiginleikar þess versni ekki að verulegu leyti við eðlilega notkun;
- hvort þær áletranir sem eiga að vera á tækinu séu fyrir hendi og hvort skilti séu á réttum stöðum.

##### 10. gr.

1. Þegar mælitæki hefur undirgengist og staðist EBE-frumsannprófun samkvæmt 9. gr. og 1. og 2. lið í II. viðauka, skulu aðildarríki festa á tækið merki um takmarkaða eða endanlega EBE-sannprófun, samkvæmt 3. lið í II. viðauka.

2. Ákvæði um hönnun og eiginleika EBE-sannprófunarmerkja er að finna í 3. lið í II. viðauka.

##### 11. gr.

Ef ekki er krafist EBE-frumsannprófunar fyrir flokk mælitækja sem fullnægir kröfum sértilskipunar skal framleiðandi festa sérstakt merki sem lýst er í lið 3.4 í I. viðauka á tæki í þessum flokki á sína eigin ábyrgð.

## IV. KAFLI

**Sameiginleg ákvæði fyrir EBE-mynsturviðurkenningu og EBE-frumsannprófun***12. gr.*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að merki sem líklegt er að verði ruglað saman við EBE-merki séu notuð á mælitækjum.

*13. gr.*

Hvert aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um öll fyrirtæki, stofur og stofnanir sem veitt er leyfi til að festa merkin sem um getur í 10. gr.

*14. gr.*

Aðildarríkin geta krafist þess að áletranir sem mælt er fyrir um séu á þeirra eigin opinbera máli eða málum.

## V. KAFLI

**Eftirlit með tækjum í notkun***15. gr.*

1. Ef aðildarríkin hafa eftirlit með tækjum sem eru í notkun og á er EBE-merki og kveði sértílskipanir ekki á um á hvern hátt eftirlitinu skuli hagað, né tilgreini hver heimilud hámarksfrávik eru, skulu vera sömu innbyrðis hlutföll í kröfum, einkanlega varðandi heimilud hámarksfrávik, fyrir tæki áður en þau eru tekin í notkun og fyrir tæki sem standast innlendar tæknilegar kröfur sem ekki hafa verið samræmdar innan bandalagsins.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. má banna notkun tækis sem á er EBE-merki, á sama hátt og tæki sem á er innlent merki, ef tækið stenst ekki þær kröfur sem fram koma í viðkomandi sértílskipun, einkum og sér í lagi kröfur um heimilud hámarksfrávik.

## VI. KAFLI

**Aðferðir EBE við mælifræðilegt eftirlit***16. gr.*

1. Heimilt er að samhæfa á kerfisbundinn hátt mæliaðferðir, aðferðir við mælifræðilegt eftirlit og, eftir því sem við á, annað sem nauðsynlegt kann að þykja fyrir beitingu þessara aðferða í sértílskipunum.

2. Sértílskipanir má einnig nota til að samhæfa kröfur fyrir markaðssetningu tiltekinnna framleiðsluvara, einkum og sér í lagi fyrirmæli, mál og magnmerkingar á forpökk-uðum vörum.

## VII. KAFLI

**Breytingar á tilskipunum í samræmi við tækni-  
framfarir***17. gr.*

Breytingar sem nauðsynlegar kunna að reynast vegna tækni-  
framfara:

- á I. og II. viðauka við þessa tilskipun, og
- á tæknilegum viðaukum sértílskipana um mismunandi flokka tækja, mælieiningar sem bundnar eru í lögum og aðferðir EBE við eftirlit með mælitækjum,

skal gera samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 19. gr.

*18. gr.*

1. Hér með er komið á fót nefnd (hér eftir kölluð „nefndin“) sem sér um að aðlaga í samræmi við tækni framfarir tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með mælitæki. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar frá aðildarríkjunum og fulltrúi frá framkvæmdastjórninni og er hann jafnframt formaður.

2. Nefndin setur sér starfsreglur.

*19. gr.*

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein, ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skulu samþykkt með 12 at-

kvæða meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. tölul. 148. gr. sáttmálans.

Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

#### VIII. KAFLI

##### Lokaákvæði

#### 20. gr.

Færa skal rök fyrir öllum ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt ákvæðum sem samþykkt eru til að hrinda þessari tilskipun og sértilskipunum í framkvæmd um umrædd tæki og fela í sér að neitað er um veitingu eða framlengingu

á EBE-mynsturviðurkenningu, slík viðurkenning afturkölluð, neitað er um EBE-frumsannpröfun eða bönnuð er sala eða notkun mælitækis. Neitun, afturköllun eða bann, eins og hér er rætt um, ber að tilkynna þeim aðila sem í hlut á; honum skulu einnig gerðir ljósir þeir möguleikar sem honum standa til boða til að reyna að rétta sinn hlut samkvæmt lögum aðildarríkjanna, svo og um þau tímamörk sem um það gilda.

#### 21. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

#### 22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júlí 1971.

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. MORO

*forseti.*

## I. VIDAUKI

## EBE-MYNSTURVIDURKENNING

## 1. Umsókn um EBE-viðurkenningu

1.1. Umsóknina og bréf sem henni tengjast skal rita á opinberu tungumáli í samræmi við lög þess ríkis sem umsókninni er beint til. Aðildarríkið hefur rétt til að fara fram á að öll fylgiskjöl með umsókninni séu rituð á sama opinbera tungumálinu.

Um leið og sótt er um skal umsækjandi senda afrit af umsókninni til allra annarra aðildarríkja.

1.2. Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða fyrirtækis, viðurkennds fulltrúa eða umsækjanda,
- flokkurinn sem tækið tilheyrir,
- fyrirhuguð notkun,
- mælifræðilegir eiginleikar,
- söluheiti, ef um slíkt er að ræða, eða gerð.

1.3. Með umsókninni skulu fylgja öll gögn í tvíriti sem nauðsynleg eru til að unnt sé að meta tækið; einkum og sér í lagi:

1.3.1. Lýsing á:

- smíði tækisins og hvernig það vinnur,
- búnaði sem tryggir að tæki vinni á réttan hátt,
- stjórn- og stillibúnaði,
- fyrirhugaðri staðsetningu á:
  - sannprófunarmerkjum
  - innsiglium (þar sem við á).

1.3.2. Teikningar sem sýna almennt fyrirkomulag og, ef þörf krefur, ýtarlegar teikningar af mikilvægum íhlutum.

1.3.3. Skýringarteikning sem sýnir í stórum dráttum hvernig tækið á að vinna og, ef þörf krefur, ljósmynd.

1.4. Þar sem það á við skulu fylgja umsókninni gögn varðandi innlendar viðurkenningar sem þegar hafa verið veittar.

## 2. Skoðun vegna EBE-viðurkenningar

2.1. Í skoðuninni skal felast:

2.1.1. Rannsókn á gögnum og skoðun á mælifræðilegum eiginleikum mynstursins á rannsóknarstofum mælifræðistofu, á viðurkenndum rannsóknarstofum eða þar sem tækið er framleitt, afhent eða sett upp.

2.1.2. Rannsókn á gögnum eingöngu ef mælifræðilegir eiginleikar mynstursins eru kunnir í smáatriðum.

2.2. Í skoðuninni skulu athugaðir allir notkunarmöguleikar tækisins við eðlilegar kringumstæður. Við þær aðstæður verður tækið að hafa alla þá mælifræðilegu eiginleika sem krafist er.

- 2.3. Í sértilskipun má tilgreina eðli og umfang skoðunarinnar sem um getur í lið 2.1.
- 2.4. Mælifræðistofa getur farið fram á að umsækjandi láti í té mæligrunna, efni og hluti, svo og aðstoðarmenn ef þörf er á slíku til að viðurkenningarprófunin geti farið fram.

### 3. Vottorð og merki um EBE-viðurkenningu

- 3.1. Á vottorðinu skulu koma fram niðurstöður mynsturskoðunarinnar og aðrar kröfur sem ber að uppfylla. Með vottorðinu skulu fylgja lýsingar, teikningar og skýringarmyndir sem nauðsynlegar eru til að auðkenna mynstrið og skýra hvernig tækið vinnur. Merkið sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunarinnar skal vera stílfært  $\epsilon$  en í stafnum skal vera:

— í efri hluta, upphafsstafur ríkisins sem veitti viðurkenninguna (B fyrir Belgíu, D fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland, F fyrir Frakkland, I fyrir Ítalíu, L fyrir Lúxemborg, NL fyrir Holland) og síðustu tvær tölur ártalsins fyrir árið sem viðurkenning var veitt,

— í neðri hluta, tákun sem mælifræðistofan sem veitti viðurkenninguna ákveður (kennitala).

Dæmi um slíkt merki um viðurkenningu er að finna í lið 6.1.

- 3.2. Í takmarkaðri EBE-viðurkenningu skal stafurinn P koma á undan hinu stílfærða  $\epsilon$  í sömu hlutföllum.

Dæmi um slíkt merki um takmarkaða viðurkenningu er að finna í lið 6.2.

- 3.3. Merkið sem um getur í 6. gr. tilskipunarinnar samsvarar merkinu um EBE-viðurkenningu nema að stílfærði E-stafurinn er samhverf spegilmynd um lóðréttan ás.

Dæmi um slíkt merki er að finna í lið 6.3.

- 3.4. Merkið sem um getur í 11. gr. tilskipunarinnar samsvarar merkinu um EBE-viðurkenningu nema að í kring um það er sexhyrningur.

Dæmi um slíkt merki er að finna í lið 6.4.

- 3.5. Merkin sem getið er um í undanfarandi liðum og framleiðandi skal festa á tækin samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar verða að vera læsileg og varanleg og skulu fest á þar sem þau eru greinileg á hverju tæki, svo og á allan aukabúnað sem lagður er fram til sannprófunar. Ef tæknilegir vankantar eru á að festa merkin má gera undantekningu í sértilskipun eða eftir að samkomulag hefur náðst milli mælifræðistofa aðildarríkjanna.

### 4. Sýnishorn af tæki geymt sem trygging

Mælifræðistofa sem veitt hefur viðurkenningu getur, ef þess er getið í sértilskipun og stofan telur það nauðsynlegt, farið fram á að geyma sem tryggingu sýnishorn af tækinu sem viðurkennt var. Í stað alls tækisins getur stofan geymt hluta þess, líkón af því eða teikningar sem tryggingu og skal þetta koma fram á vottorðinu um EBE-viðurkenningu.

### 5. Yfirlýsing um viðurkenningu

- 5.1. Birta skal EBE-mynsturviðurkenningar og takmarkaðar EBE-mynsturviðurkenningar í sérstökum viðaukum við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*. Það sama á við um EBE-mynsturviðurkenningar af öðrum toga.

- 5.2 Um leið og þeim aðila sem í hlut á er tilkynnt um viðurkenningu skulu afrit send framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum; aðildarríkin geta einnig fengið afrit af skýrslum um mælifræðilegar prófanir, óski þau þess.

- 5.3. Afturköllun á EBE-mynsturviðurkenningu og annað er varðar umfang og gildi EBE-mynsturviðurkenningar skal einnig tilkynna með þeim hætti sem lýst er í liðum 5.1 og 5.2.
- 5.4. Aðildarríki sem neitar að veita EBE-mynsturviðurkenningu skal tilkynna það öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

## 6. Merki um EBE-mynsturviðurkenningu

### 6.1. EBE-mynsturviðurkenningarmerki

Dæmi:

EBE-mynsturviðurkenning sem veitt var af Mælifræðistofu Sambandslýðveldisins Þýskaland 1971 (samanber fyrsta undirlið í 3.1).

Kennitala EBE-mynsturviðurkenningarinnar (samanber annan undirlið í 3.1).

### 6.2. Merki um takmarkaða EBE-mynsturviðurkenningu (samanber lið 3.2)

Dæmi:

Takmörkuð EBE-mynsturviðurkenning sem veitt var af Mælifræðistofu Sambandslýðveldisins Þýskaland 1971.

Kennitala takmarkaðrar EBE-mynsturviðurkenningar.

### 6.3. Merki um undanþágu frá EBE-gerðarviðurkenningu (samanber lið 3.3.)

Dæmi:

Tæki sem smíðað var í Þýskalandi 1971 og sem EBE-mynsturviðurkenningar er ekki krafist fyrir.

Tilvísunarnúmer flokksins sem tækið tilheyrir og ekki er krafist viðurkenningar fyrir vegna ákvæða í sértilskipun.

### 6.4. Merki um EBE-mynsturviðurkenningu fyrir tæki sem ekki er krafist EBE-frumsannprófunar fyrir (samanber lið 3.4)

Dæmi:

EBE-mynsturviðurkenning sem veitt var af Mælifræðistofu Sambandslýðveldisins Þýskaland 1971.

Kennitala EBE-mynsturviðurkenningarinnar.

## II. VIÐAUKI

## EBE-FRUMSANNPRÓFUN

## 1. Almenn

- 1.1. EBE-frumsannprófun er ýmist framkvæmd í einum eða fleiri áföngum (venjulega tveimur).
- 1.2. Með fyrirvara um ákvæði sértilskipana:
  - 1.2.1. Framkvæma skal EBE-frumsannprófun í einum áfanga á tæki sem er ein heild er það fer úr verksmiðju, þ.e. tæki sem fræðilega séð er hægt að flytja á þann stað þar sem það verður sett upp, án þess að taka þurfi það í sundur fyrst.
  - 1.2.2. Framkvæma skal EBE-frumsannprófun í tveimur eða fleiri áföngum ef nothæfi tækis veltur á því á hvaða hátt það er sett upp eða notað.
  - 1.2.3. Í fyrsta hluta sannprófunarinnar skal einkum og sér í lagi ganga úr skugga um að tækið samsvari þeirri gerð sem viðurkenningu hlaut eða, ef um er að ræða tæki sem undanþegið er mynsturviðurkenningu, að það standist kröfur sem gerðar eru í ákvæðum um slík tæki.

## 2. Hvar framkvæma á EBE-frumsannprófun

- 2.1. Ef ekki er tilgreint í sértilskipunum hvar sannprófun skal fara fram skal viðkomandi mælifræðistofa ákveða það ef tækið er prófað í einum áfanga.
- 2.2. Tæki sem prófa þarf í tveimur áföngum eða fleiri skal næsta þar til bæra mælifræðistofa sannprófa.
  - 2.2.1. Síðasti áfangi sannprófunar skal fara fram þar sem tækið er sett upp.
  - 2.2.2. Aðrir áfangar sannprófunar skulu framkvæmdir eins og kveðið er á um í 2.1.
- 2.3. Mælifræðistofa, sem sér um sannprófun, getur krafist af umsækjanda einkum ef sannprófunin þarf að fara fram utan stofunnar:
  - að hann láti í té mæligrunn, efni og hluti, svo og starfsmenn til aðstoðar við sannprófunina.
  - að hann útvegi afrit af vottorði fyrir EBE-mynsturviðurkenningu.

## 3. EBE-frumsannprófunarmerki

- 3.1. Lýsing á EBE-frumsannprófunarmerkjum.
  - 3.1.1. Með fyrirvara um ákvæði sértilskipana skulu merki um EBE-frumsannprófun sem fest eru á tæki samkvæmt lið 3.3 vera eins og hér segir:
    - 3.1.1.1. Í merki um endanlega EBE-sannprófun eru tvö tákn:
      - a) það fyrra er stafurinn „e“ en í honum er:
        - í efra helmingi, einkennisstafur aðildarríkisins þar sem frumsannprófunin fór fram (B fyrir Belgíu, D fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland, F fyrir Frakkland, I fyrir Ítalíu, L fyrir Lúxemborg, NL fyrir Holland) ásamt, ef þörf er á, einni eða tveimur tölum sem sýni nánar á hvaða svæði sannprófunin fór fram;

— í neðri helmingi, kennitala stofunnar eða aðilans sem framkvæmdi sannprófunina;

b) seinna táknið er myndað af tveimur tölum sem sýna seinni tvær tölurnar í ártalinu fyrir árið sem sannprófunin fór fram, í sexhyrningi.

3.1.1.2. Í merki um takmarkaða EBE-sannprófun er einungis fyrra táknið. Það skal einnig notað sem innsigli.

### 3.2. Lögur og stærð merkjanna

3.2.1. Meðfylgjandi teikningar sýna lögur, stærð og útlit stafa og talna sem eru í EBE-frumsannprófunarmerkjunum eins og kveðið er á um í lið 3.1; á tveimur fyrstu teikningunum má sjá mismunandi hluta merkisins en á þeirri þriðju er dæmi um hvernig EBE-sannprófunarmerki getur litið út. Stærðirnar sem koma fram á teikningunum eru hlutfallsgildi; þær eru fall af þvermáli hringa sem myndar útlínur lítils „e“ og hringa sem myndar svið sexhyrningsins. Raunverulegt þvermál hringja merkjanna er 1,6 mm, 3,2 mm, 6,3 mm og 12,5 mm.

3.2.2. Mælifræðistofur í aðildarríkjunum skulu skiptast á frumteikningum af EBE-frumsannprófunarmerkjunum en þær verða að vera í samræmi við teikningarnar sem hér fylgja.

### 3.3. Festing merkjanna

3.3.1. Endanlegt EBE-sannprófunarmerki skal festa á fyrirhugaðan stað á tækinu eftir að sannprófun er algerlega lokið og viðurkennt er að tækið standist kröfur EBE.

3.3.2. Takmarkað EBE-sannprófunarmerki skal festa á:

3.3.2.1. Tækið eða hluta þess sem uppfyllir öll notkunarskilyrðin, að undanskildum kröfum um uppsetningu ef um er að ræða sannprófun í mörgum áföngum, á sama stað og dagsetning-arstimpill er eða á hvern þann stað sem kveðið er á um í sértílskipun.

3.3.2.2. Ætíð sem innsigli, á þeim stöðum sem kveðið er á um í sértílskipunum.





